

2092

Mánudaginn 25. maí 1998.

Nr. 201/1998.

Valdimar Traustason

(Gunnar Sólmes hrl.)

gegn

Unni Erlendsdóttur

(Helgi Jóhannesson hrl.)

Kærumál. Opinber skipti. Óvígð sambúð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. maí 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 14. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 22. apríl 1998, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um, að við opinber skipti til fjárslita milli hennar og sóknaraðila vegna loka óvígðrar sambúðar komi til jafnra skipta söluandvirði fasteignarinnar Bjargs í Grímsey og bátsins Trausta, EA 157, svo og peningaeign varnaraðila. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að ákveðið verði, að andvirði fyrrnefndrar fasteignar og báts komi ekki til skipta á milli sín og varnaraðila. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur um annað en málskostnað, sem sóknaraðila verði gert að greiða sér vegna rekstrar málsins í héraði ásamt kærumálskostnaði.

Samkvæmt gögnum málsins seldi sóknaraðili fasteign sína, Bjarg í Grímsey, með kaupsamningi 12. ágúst 1997 fyrir 3.000.000 króna, en þar af voru 146.523 krónur greiddar með því, að kaupendur tóku að sér veðskuld, sem hvíldi á eigninni. Ágreiningur málsaðila um andvirði fasteignarinnar lýtur að mismuni þessara fjárhæða, sem var að hluta greidd með fasteignarveðbréfi. Með vísan til þess, sem greinir í hinum kærða úrskurði, verður að leggja til grundvallar við opinberu skiptin, að varnaraðili hafi öðlast hlutdeild í eignamyndun

sóknaraðila á sambúðartíma þeirra, að því er fasteign þessa varðar. Þegar litið er til þess, hve lengi sambúð aðila stóð, og með því að hvorugt þeirra hefur sýnt fram á sérstök framlög sín til fasteignarinnar, sem verði rakin til eigna frá því fyrir upphaf sambúðarinnar, þykir rétt, að andvirði hennar komi til jafnra skipta á milli þeirra. Verður niðurstaða hins kærða úrskurðar því staðfest um söluandvirði þessarar eignar.

Sóknaraðili seldi Trausta, EA 157, með afsali í júlí 1997 fyrir 1.600.000 krónur, en þar af greiddu kaupendur 875.589,80 krónur með því að taka á sig veðskuld, sem hvíldi á bátnum. Í skýrslu, sem sóknaraðili gaf fyrir héraðsdómi, kom fram, að hann hefði keypt bátinn „fyrir tveimur árum“. Fyrir Hæstarétti hefur hann lagt fram afsal til sín fyrir bátnum, sem var gefið út 5. apríl 1994. Báturinn var þannig ekki eign sóknaraðila, þegar óvígðri sambúð hans og varnaraðila var slitið árið 1991. Varnaraðili hefur ekki fært viðhlítandi rök fyrir því, að öðrum verðmætum, sem kunna að hafa tilheyrt öðru þeirra eða þeim báðum við sambúðarslitin, hafi verið varið til að kaupa bátinn. Með vísan til 1. mgr. 104. gr. laga nr. 20/1991 getur andvirði bátsins því ekki komið til skipta gegn andmælum sóknaraðila. Verður kröfu varnaraðila um skipti á þessu andvirði hafnað.

Hvorugt málsaðila krefst endurskoðunar á ákvæðum hins kærða úrskurðar um skipti á peningaeign varnaraðila eða frávísun kröfu hennar um skipti á innbúsmunum og peningaeign sóknaraðila. Verður niðurstaða héraðsdómara um þessi atriði því staðfest.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað er staðfest. Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af kærumáli þessu.

D ó m s o r ð:

Við opinber skipti til fjárslita vegna loka óvígðrar sambúðar sóknaraðila, Valdimars Traustasonar, og varnaraðila, Unnar Erlendsdóttur, skal fyrrgreint söluandvirði fasteignarinnar Bjargs í Grímsey koma til jafnra skipta á milli þeirra ásamt peningaeign varnaraðila.

Kröfu varnaraðila um skipti á söluandvirði bátsins Trausta, EA 157, er hafnað.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um frávísun kröfu varnaraðila

um innbúsmuni og peningaeign sóknaraðila skulu vera örösk-
uð.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 22. apríl 1998.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 25. mars sl., er höfðað við þingfestingu þess 29. janúar sl.

Sóknaraðili málsins er Unnur Erlendsdóttir, kt. 090215-2219, Ægissíðu 92, Reykjavík, en málið höfðar fyrir hennar hönd skipaður fjárráðamaður hennar, Helgi Jóhannesson hrl. Varnaraðili er Valdimar Traustason, kt. 270822-2909, Smárahlíð 9, Akureyri.

Sóknaraðili krefst þess, að við fjárskipti vegna sambúðarslita aðila verði farið að helmingaskiptareglunni, þannig, að eftirtaldar eignir komi til jafnra skipta milli aðila: söluandvirði Bjargs, Grímsey, söluandvirði Trausta, EA-157, innbú að Bjargi og peningaeign aðila á sambúðarslitadegi. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila að mati réttarins.

Varnaraðili krefst þess, að eignir sínar, sem tilgreindar eru í kröfugerð sóknaraðila, komi ekki til skipta. Jafnframt kveðst hann engar kröfur gera um skipti á þeim eignum, sem kunni að tilheyra sóknaraðila. Þá gerir hann kröfu um málskostnað úr hendi sóknaraðila að mati réttarins.

Aðdragandi málsins er sá, að sóknaraðili krafðist þess með bréfi, mótteknu hér í dómi 25. ágúst 1997, að opinber skipti færu fram til fjárslita milli hennar og varnaraðila. Af hálfu varnaraðila var haldið uppi vörnum gegn þeirri kröfu, og var rekið sérstakt ágreiningsmál til úrlausnar þeim ágreiningi, en í þinghaldi 15. janúar sl. féll hann frá vörnum. Samdægurs var kveðinn upp úrskurður um, að opinber skipti skyldu fara fram, og Ólafur Birgir Árnason hrl. skipaður skiptastjóri við fjárslitin.

Á skiptafundi 22. janúar sl. var ákveðið að vísa ágreiningi aðila um skiptin til héraðsdóms, og barst bréf skiptastjórans um það dóminum 26. janúar sl.

Samkvæmt lýsingu aðila á málavöxtum hófu þau sambúð í Grímsey árið 1965. Þjuggu þau fyrstu árin í leiguhúsnæði, en á árunum 1973–1975 byggðu þau einbýlishús að Hafnargötu 7, Grímsey (Bjarg).

Áður en aðilar hófu sambúð, átti sóknaraðili fasteignina Vatnsdal í Rauðasandshreppi, sem hún seldi, áður en hún fluttist til Grímseyjar. Kveðst hún hafa nýtt andvirðið í þágu heimilis og til aukinna fjárfestinga, en því mótmælir varnaraðili.

Aðilar voru í sambúð til ársins 1991, en í október 1990 veiktist sóknaraðili mjög alvarlega og var flutt á sjúkrahús. Lamaðist hún af veikindunum og varð mállaus. Reyndist nauðsynlegt að flytja hana til Reykjavíkur til frekari

aðhlyningar, og var lögheimili hennar flutt til dóttur hennar að Ægisíðu 92 í Reykjavík. Segir í greinargerð sóknaraðila, að formleg sambúðarslit hafi þó ekki orðið, þrátt fyrir það að sóknaraðili væri flutt til Reykjavíkur. Í byrjun árs 1993 hafi varnaraðili verið krafinn um helming eigna búsins, þar sem upplýsingar hefðu borist um, að hann hefði þá tekið upp sambúð með Ólínu Guðmundsdóttur, dóttur sóknaraðila, en kröfunni verið hafnað. Þar sem varnaraðili hafi nú selt fasteignina og bátinn Trausta, EA-157, hafi þótt rétt að óska eftir opinberum skiptum.

Sóknaraðili kveðst miða við það, að stofnast hafi fjárfélag með aðilum á sambúðartíma, og beri því að skipta eignum, eins og um hjónaskilnað væri að ræða. Breyti þar engu um, þótt aðilar hafi ekki skilað inn sameiginlegri skattskýrslu og væru ekki bæði skráð eigendur að eignum. Kveðst sóknaraðili vekja sérstaka athygli á umboði, er varnaraðili hafi látið útbúa og undirrita fyrir hönd sóknaraðila sér til handa í september 1991, en í því sé varnaraðila veitt umboð sóknaraðila til að annast allar eignir hennar, bæði fasteignir og lausafé, og öll fjármál hennar.

Sóknaraðili kveðst vísa til hjúskaparlaga nr. 31/1993 með lögjöfnun og dómaframkvæmdar héraendis um fjárskipti milli aðila við sambúðarslit.

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa haft eigin bankareikninga og annast sjálfa fjármál sín. Allar tekjur, sem hún hafi fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum opinberum aðilum, hafi verið greiddar beint inn á bankareikning hennar án afskipta varnaraðila. Hafi hún ekkert greitt til heimilishalds, og því síður hafi hún greitt eitthvað til þeirra fjárfestinga, sem varnaraðili stóð fyrir. Kveðst hann vísa til þess, að málsaðilar hafi ávallt á sambúðartíma haft aðskilinn fjárhag, og jafnframt hafi sóknaraðili ekki átt neinn þátt í þeirri eignamyndun, sem hafi orðið hjá varnaraðila á sambúðartíma, hvorki með fjárframlögum né vinnu. Sóknaraðili hafi aldrei greitt neitt til sameiginlegs heimilishalds né lagt fram nokkra vinnu á heimilinu, því að hún hafi verið sjúklingur allan sambúðartímamann.

Varnaraðili mótmælir því alveg sérstaklega, að hann hafi tekið upp sambúð með Ólínu Guðmundsdóttur. Rétt sé, að hún hafi dvalist um tíma að Bjargi hjá varnaraðila, meðan endurbætur og lagfæringar hafi verið gerðar á húseign hennar í Grímsey. Eftir að hann hafi selt húseign sína, hafi hann síðan fengið að dveljast hjá henni, en ekki sé þar um að ræða sambúð í þeim skilningi, sem af hálfu sóknaraðila sé haldið fram.

Við meðferð málsins gaf varnaraðili skýrslu fyrir dómi svo og börn sóknaraðila, þau Kristinn Guðmundsson og Ólína Guðmundsdóttir, tengdasonur hennar, Haraldur Jóhannsson, og Sigurður Bjarnason, sem bjó í nágrenni við aðila í Grímsey.

Kristinn Guðmundsson og Haraldur Jóhannsson báru, að sóknaraðili hefði verið vel stæð fjárhagslega, er hún hóf sambúð með varnaraðila. Hefði hún þá verið ekkja og fengið í arf jörðina Vatnsdal í Rauðasandshreppi, sem hún hefði selt góðu verði, áður en hún fluttist norður. Þá hefði hún einnig erfitt nýlegan bát eftir son sinn, sem farist hefði af slysförum. Innanstokksmuni hefði hún flutt með sér norður, sem hún hefði lagt til í sambúð þeirra. Þá hefði fyrsti báturinn, sem aðilar eignuðust í sambúðinni, verið keyptur fyrir hennar fé.

Varnaraðili kvaðst hafa verið eignalaus í upphafi sambúðarinnar, en sagði sóknaraðila aldrei hafa lagt neina peninga fram til eignamyndunar þeirra. Hún hefði talað um að leggja fram fé til bátakaupa, en aldrei gert það, því að peninga, sem hún hefði talið sig eiga að fá greidda fyrir jörðina, hefði hún aldrei fengið. Hún hefði alltaf verið veik og ekki getað hugsað um heimili. Hefði hún lagt ellistyrk sinn og örorkubætur inn á sérreikning og notað algerlega í sína þágu.

Ólína Guðmundsdóttir taldi sóknaraðila ekki hafa lagt fram fé til eignamyndunar í sambúðinni. Fjárhagur aðila hefði verið aðskilinn, og hefði sóknaraðili verið sjúklingur allan tímann, sem hún bjó með varnaraðila, og ekki getað sinnt heimilinu.

Sigurður Bjarnason kvaðst hafa verið að alast upp, er aðilar hófu sambúð. Hefði sóknaraðili verið mikill sjúklingur og verið mikið frá, en varnaraðili staðið einn í byggingarframkvæmdum og bátakaupum.

Fyrir liggja í málinu ljósrit af skattframtölum sóknaraðila fyrir árin 1989, 1990 og 1991 og varnaraðila fyrir árin 1990, 1991 og 1992. Hafa málsaðilar talið fram til skatts sitt í hvoru lagi. Eina eign varnaraðila samkvæmt þessum framtölum er fasteignin Hafnargata 7, Grímsey, og tekjur hans þessi ár eru annars vegar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og hins vegar reiknað endurgjald við eigin atvinnurekstur. Einu tekjur sóknaraðila þessi ár eru greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, en engar eignir eru tilgreindar á framtölum hennar.

Með kaupsamningi, dagsettu 12. ágúst 1997, seldi varnaraðili fasteignina Hafnargötu 7, Grímsey, fyrir 3.000.000 kr., og greiddist söluverðið með 1.000.000 kr. í peningum, 1.851.477 kr. með fasteignaveðbréfi og 146.523 kr. með yfirtöku áhvílandi veðskulda.

Samkvæmt afsali, dagsettu í júlí 1997, seldi varnaraðili mótorbátinn Trausta, EA-157, með kaupsamningi, sem þar er vitnað til, dagsettu 26. maí 1997, fyrir 1.600.000 kr., sem við útgáfu afsals voru greiddar að fullu, „m. a. með því, að kaupendur hafa tekið að sér greiðslu á veðskuldabréfi, útg. 28. 2. '96, við Íslandsbanka hf., að eftirstöðvum 875.589,80 kr.“.

Peninga eign sóknaraðila segir fjárráðamaður hennar nema u. þ. b. 1.500.000 kr., en engin önnur gögn liggja fyrir um hana.

Samkvæmt fram lögðu afsali án undangengins kaupsamnings seldi sóknaraðili jörðina Vatnsdal árið 1963, og nam söluverð að fráðregnum áhvílandi veðskuldum 203.200 (g)kr., en þar af greiddust 150.000 (g)kr. með skuldabréfi til sex ára, sem samkvæmt yfirlýsingu, er frammi liggur í málinu, var greitt að fullu.

Aðilar málsins voru í langvarandi óvígðri sambúð. Við upphaf hennar var varnaraðili eignalaus, en við það verður að miða, að sóknaraðili hafi þá átt einhverjar eignir eftir sölu ofangreindrar jarðar. Að öðru leyti hafa eignir þeirra orðið til á sambúðartímanum, og er ekki ágreiningur um það, að í lok hans hafi varnaraðili átt ofangreindan vélbát, sem var atvinnutæki hans, og fasteign, sem var til sameiginlegra afnota fyrir aðila. Varnaraðili hefur ekki sýnt fram á, að sóknaraðili hafi ekki átt þátt í myndun þessara eigna með framlagi eigna sinna í upphafi sambúðartímans og þátttöku í sameiginlegu heimilishaldi í langri sambúð.

Eftir þessu þykja sanngirnirök mæla með því, að við fjárslit aðila verði höfð hliðsjón af reglum hjúskaparlaga um helmingaskipti, þannig, að viðurkenndur verði réttur sóknaraðila til helmings hlutdeildar í söluverði báts og fasteignar varnaraðila að fráðregnum áhvílandi skuldum, en á móti verði viðurkenndur réttur varnaraðila til helmingshlutdeildar í peningaeign sóknaraðila, sem áður hefur verið rakin.

Ekkert liggur fyrir um, hvaða innanstokksmuni aðilar áttu á heimili þeirra að Bjargi eða hvert verðmæti þeirra var. Þá liggur ekkert fyrir um peningaeign varnaraðila við sambúðarslit. Er því ekki unnt að taka afstöðu til kröfugerðar sóknaraðila um skiptingu þessara eigna. Verður að vísa þeim þætti kröfugerðarinnar sjálfkrafa frá dómi með hliðsjón af d- og e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Úrskurðinn kveður upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Viðurkennt er, að við fjárslit sóknaraðila, Unnar Erlendsdóttur, og varnaraðila, Valdimars Traustasonar, komi söluandvirði Bjargs, Grímsey, söluandvirði Trausta, EA-157, og peningaeign sóknaraðila til jafna skipta milli aðila.

Kröfum sóknaraðila um jafna skiptingu andvirðis innbús og peningaeignar varnaraðila er vísað sjálfkrafa frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.